Fundargerð

# Fagráð um velferð dýra

| | | | |
|---|---|---|---|
| *Fundarboðandi:* | Starfsmaður f.h. formanns | *Fundarstaður:* | Fjarfundur |
| *Fundarstjóri:* | Sigurborg Daðadóttir | *Dagsetning:* | 26.01.2022 |
| *Fundarritari:* | Sigurjón Njarðarson | *Fundartími:* | 13:00-14:30 |
| *Þátttakendur:* | Sigurborg Daðadóttir (yfirdýralæknir, formaður fagráðs), Sigríður Björnsdóttir (Sérgreinadýralæknir hrossa, Sérfræðimat á dýratilraunum), Katrín Andrésdóttir (f.h. Dýralæknafélags Íslands), Emma Björg Eyjólfsdóttir (f.h. Siðfræðistofnunar HÍ), Hallgerður Hauksdóttir (f.h. Dýraverndunarsambands Íslands. og Baldur Helgi Benjamínsson (f.h. Bændasamtaka Íslands) | | |

## Dagskrá

1. Umsóknir um dýratilraunir
2. Skaði á bringubeinum varphænsna
3. Önnur mál

## Umræða

1. **Umsagnir um umsóknir til dýratilrauna**.

   a) Lúsalab
   - Fagráð veitir jákvæða umsögn. Fulltrúi Dýraverndarsambands Íslands bókar eftirfarandi fyrirvara:
     *Samþykki er veitt með fyrirvara af hálfu Dýraverndarsambands Íslands þar sem fyrir liggur að Fagráð á eftir að taka afstöðu til fiskeldis út frá velferð dýra. Tilraunin styður áframhald á þrengslaeldi eldisfiska hér á landi, en þrengslaeldi er þauleldi sem samkvæmt skilgreiningum DÍS er hámörkun nytja á kostnað velferðar dýra.*

   b) ANA þjónusturannsókn ónæmisfræðideildar Landspítala
   - Fagráð veitir jákvæða umsögn

2. **Skaði á bringubeinum varphænsna**
   - Fresta þurfti umfjöllun um málið þar eð sérgreinadýralæknir alifugla boðaði forfall

3. **Önnur mál**

   a) Umræða um blóðmerahald.
   - Almennar umræður. Sérgreinadýralæknir hrossa skýrði munnlega frá stöðu mála og svaraði spurningum fagráðs um málið.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 14:30.